

SAMKOMULAG

Félags- og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér eftirfarandi samkomulag:

Að verkefni Varasjóðs viðbótarlána, sbr. X. kafli og bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál nr. 44/1998, verði m.a. eftirtalin:

1. Að taka þátt í niðurgreiðslu áhvílandi lána félagslegra eignar- og leiguíbúða sveitarfélaga við sölu þeirra á almennum markaði í þeim tilfellum þegar innlausnarverð íbúða stendur ekki undir uppgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 2. tölulið í þessu skyni.
2. Að veita framlög til sveitarfélaga sem glíma við rekstrarvanda félagslegs leiguhúsnæðis vegna mikils fjölda íbúða og/eða íbúða sem lengi hafa staðið auðar. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 1. tölulið í þessu skyni.
3. Að koma með tillögur, í samráði við viðkomandi sveitarfélög og Íbúðalánasjóð, um afskrift þeirra félagslegra íbúða sem svo er ástatt um að ekki verða leigðar út vegna slæms ástands og fara til niðurrifs þar sem ekki er talið hagkvæmt að endurbyggja þær að mati sérfróðra matsmanna og í ljósi stöðu á fasteignamarkaði viðkomandi sveitarfélags. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu þessara afskrifta. Íbúðalánasjóði verði heimilað að afskrifa allt að 40 m.kr. árlega vegna þessa verkefnis á móti jafnhárru upphæð frá viðkomandi sveitarfélögum.
4. Umsýsla með tryggingafé vegna viðbótarlána, sbr. X kafli laga um húsnæðismál.
5. Réttindi og skyldur Tryggingarsjóðs byggingargalla, sbr. 2. mgr. VIII. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

Að fjármögnun verkefna samkvæmt töluliðum 1 og lið 2 verði með eftirfarandi hætti:

- Að ríkissjóður greiði árlega 60 m.kr. í fimm ár. Önnur framlög ríkissjóðs til Varasjóðs viðbótarlána falla þar með niður.
- Að úr Tryggingarsjóði vegna byggingagalla, sbr. bráðabirgðaákvæði VIII í lögum um húsnæðismál, renni árlega 60 m.kr.
- Að sveitarfélög greiði árlega samtals 20 m.kr. Hlutdeild hvers sveitarfélags í fjárhæðinni byggist á íbúafjölda þeirra. Framlög sveitarfélaganna

innheimtir Varasjóður viðbótarlána með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samtímis fellur niður skylda sveitarfélaga að greiða til Varasjóðs viðbótarlána hagnað af sölu innlausnaríbúða, sbr. 2. tölul. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál.

Samkomulag þetta er til fimm ára og tekur því til árana 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006.

Reykjavík, 4. apríl 2002

Páll Pétursson
félagsmálaráðherra

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Geir H. Haarde
fjármálaráðherra

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga